

Fylgiskjal með beiðni um samstarf við Garðabæ 17.09.2019

Inngangur

Á árinu 2018 varð Golfklúbburinn Oddur 25 ára. Við erum þriðja stærsta íþróttafélag í Garðabæ og þriðji stærsti golfklúbbur landsins með 1464 iðkendur. Golfklúbburinn Oddur er hluti af UMSK, GSÍ og þar með ÍSÍ. Fyrstu 15 árin vorum við rekin samhliða Golfklúbbi Oddfellowa. Eftir samning sem gerður var 2010 voru klúbbarnir aðskildir að fullu og Golfklúbburinn Oddur tók á leigu allar fasteignir, vélar og tæki ásamt golfvöllum. Ástæðan fyrir þessum aðskilnaði voru í grunninn þær að hugmyndir höfðu komið fram um að gera klúbbinn að lokuðum meðlimaklúbbi. Langstærstum hluta félagsmanna þótti það óráð og vildu miklu heldur efla golfklúbbinn sem íþróttafélag. Það leiddi til ákveðinna breytinga á stjórn félagsins á aðalfundi árið 2009 sem var undanfari þess samnings sem gerður var á árinu 2010. Samningurinn var svo endurnýjaður árið 2017.

Íþróttastarf

Félagsmenn í Golfklúbbum Oddi hafa allt frá stofnun tekið þátt í golfmótum á vegum GSÍ. Barna og unglingastarf hefur ávallt verið með ágætum þótt fjöldi afrekskylfinga hefur ekki verið mikill, lengst af 30-40 krakkar sem hafa æft á hverju ári á okkar vegum. Á hverju sumri höfum við boðið upp á golfleikjanámskeið fyrir 6-12 ára sem hafa notið sívaxandi vinsælda. Á þessu sumri voru 230 krakkar hér á námskeiðum hjá okkur og 148 árið 2018. Búumst við við að þessi þróun haldi áfram.

Við höfum tekið þátt í Íslandsmóti golfklúbba allt frá upphafi og erum við í 1. deild í báðum kvennaflokkunum og í 1. deild hjá eldri körlum og 2. deild hjá yngri körlum.

Hjá golfklúbbum starfa 2 viðurkenndir PGA kennarar sem sjá um allar æfingar afrekshópa auk þess að sjá um barna og unglinganámskeiðin. Einnig eru þeir með ýmis námskeið og kennslu fyrir okkar meðlimi allt árið.

Golf sem heilsuefandi íþrótt

Langflestir af okkar meðlimum eru í golfi til að hitta annað fólk, leika sér í fallegu umhverfi og fá í leiðinni góða hreyfingu. Fæstir eru í golfi til að verða afrekskylfingar og leika á mótaröðunum þótt allir vilji ná betri tökum á íþróttinni. Fjölmargar rannsóknir sem gerðar hafa verið erlendis hafa sýnt að þeir sem spila reglulega golf eru almennt í betra líkamlegu ástandi, þurfa minna á heilbrigðisþjónustu að halda og lifa lengur.

Stuðningur sveitarfélaga

Sveitarfélög hafa í gegnum tíðina verið mun viljugri að styðja við íþróttastarf barna og unglinga en íþróttastarf þeirra sem komnir eru yfir tvítugt. Það er vissulega virðingarvert en að okkar viti gamaldags hugsunarháttur. Þessi hugsun er sem betur fer að breytast og eru sveitarfélög flest hver farin að hvetja alla íbúa til almennrar hreyfingar og útivistar. Til að auka hreyfingu og útivist íbúa þarf að fjárfesta bæði í stígakerfum fyrir gangandi og hjólandi sem og svæðum sem hvetja til hreyfingar eins og t.d. golfvöllum. Sveitarfélög eru í æ ríkari mæli loksins farin að átta sig á mikilvægi golfklúbba sem íþróttafélaga. Golfklúbbar eru í flestum tilfellum staðsettir í landi í eigu sveitarfélaga og halda því landi við og bæta umhverfið. Golfvellir eru íþróttamannvirki sem þarfnast daglegrar umhirðu og viðhalds og ekki einungis yfir sumartímann.

Samskipti Golfklúbbsins Odds og Garðabæjar

Í gegnum tíðina hafa samskipti okkar verið vinsamleg en erfið. Það er okkar tilfinning að áður hafi Garðabær sem minnst viljað vita af Golfklúbbum Odds og ávallt tengt starf íþróttafélagsins við landeigandann. Við höfum á undanförunum 2-3 árum þó fundið fyrir auknum vilja til samstarfs og það sé hægt og rólega að renna upp fyrir sveitarfélaginu mikilvægi þess að hafa öflugt íþróttafélag og góðan golfvöll í nálægð við nýja byggð. Í okkar huga ætti Garðabær að fagna samstarfi við GO sem starfar í landi í eigu líknarsamtaka sem ásamt golfklúbbum hafa byggt upp íþróttasvæði sem á fáa sína líka. Hér eru allir innviðir til staðar sem Garðabær hefur hingað til ekki þurft að fjárfesta í svo sem bílastæði, vegakerfi, aðstöðuhús og fleira. Má áætla að heildarfjárfesting á golfvallarsvæðinu á síðustu 25 árum nemi amk 1,2 milljörðum króna með takmarkaðri aðkomu Garðabæjar.

Þróun golfvallarsvæðis og nánasta umhverfis

Til að frekari uppbygging golfvallarsvæðisins ásamt almennri útivist fari fram og þróist með eðlilegum hætti í landinu að þá þarf að fara fram samtal milli þessara aðila: Golfklúbbsins Odds, Garðabæjar og Styrktar-og líknasjóðs Oddfellowa ásamt Urriðaholti ehf.

Úr slíku samtali þarf að koma tímasett áætlun um uppbyggingu á svæðinu sem styðji við nærumhverfið, nýja byggð og starfsemi golfklúbbsins og sveitarfélagsins. Uppbygging þarf auk þess að stuðla að fjölgun iðkenda í golfi og bæta almenna í útivist á svæðinu með tengingum við stígakerfi í Heiðmörk og náttúruperlur og fornminjar í landinu eins t.d. við Selgja.

Hlutverk hagsmunaaðila

Eins og við í Golfklúbbum sjáum þetta samstarf fyrir okkur og hlutverk hvers og eins að þá liggur þetta með þessum hætti;

Golfklúbburinn Oddur: Vinna starfsmanna og tækja við uppbyggingu svæðisins.

Styrktar-og líknarsjóður Oddfellowa: Gefur leyfi fyrir landnýtingu og lóð fyrir inniaðstöðu og stækkun klúbbhúss.

Urriðaholt ehf : Greiði fyrir röskun á núverandi 14 braut og komi að uppbyggingu nýrra golfbrauta með efni úr Urriðaholt auk þess að greiða einnig ákveðna fjárhæð sem óhjákvæmilega mun sparast vegna aksturs á efni um langan veg.

Garðabær: Fjármagni hönnun og uppbyggingu inniaðstöðu og stækkun klúbbhúss auk þess að greiða ákveðna fjárhæð með hverri braut í stækkun golfvallar.

Inniaðstaða vegna íþróttastarfs

Við höfum nú lengi verið á hrakhólum með æfingaaðstöðu fyrir æfingahópa okkar og aðra meðlimi á veturna. Þetta hefur orðið til þess að okkar bestu börn og unglingar hafa leitað annað og við misst þá úr starfinu. Er það að mestu til komið vegna þess að sveitarfélögin Kópavogur og Garðabær hafa styrkt uppbyggingu á æfingaaðstöðu myndarlega hjá nágrannaklúbbum og þar með skekkt „samkeppnisaðstöðu“ okkar gagnvart þeim. Á nú enn að bæta í á þeim bænum. Er nú svo komið að við stöndum langt að baki golfklúbbum af svipaðri stærð á höfuðborgarsvæðinu er varðar inniaðstöðu. Við höfum lengi haft á orði við Garðabæ að bærinn komi að uppbyggingu á þessari inniaðstöðu. Teljum við okkur hafa lengi verið mismunað og við ekki notið jafnræðis í samræmi við stærð íþróttafélagsins. Með tilkomu nýs hverfis við túnfótinn og fjölgun bæði yngri og eldri kylfinga í hverfinu er enn brýnna en áður að inniaðstaða verði byggð. Inniaðstöðunefnd á vegum klúbbsins hefur verið að störfum á árinu og er niðurstaða hennar að bygging æfingaaðstöðu ásamt stækkun við núverandi klúbbhúss sé okkar besti kostur.

Áætlaður heildarkostnaður um 750 milljónir króna.

Leiga á íþróttasvæði

Í nú næstum 10 ár hefur GO greitt leigu til þriðja aðila á golfvelli, klúbbhúsi, vélum, vélaskemum og æfingaaðstöðu upp á rúmar 31 milljón króna árlega. Það er fáheyrt, ef það er þá til, að íþróttafélag á Íslandi greiði slíka upphæð fyrir íþróttaaðstöðu án aðkomu sveitarfélags á móti. Óskum við eftir að Garðabær styrki okkur um þessa fjárhæð árlega með sama hætti og sveitarfélagið lætur öðrum íþróttafélögum aðstöðu í té endurgjaldslaust.

Áætlaður árlegur kostnaður: 31 milljón

Innrétting vélaskemmu

Við höfum í samstarfi við þriðja aðila reist 240 fm vélaskemmu upp á 60 milljónir króna án aðkomu Garðabæjar sem var löngu tímabær fyrir golfvallarekstur hér á svæðinu. Eftir er að reisa milliveggi og þar með milliloft fyrir geymslur og aðra aðstöðu. Er óskað eftir að Garðabær styrki okkur við að ljúka verkinu og fá fullnaðarúttekt á vélageymsluna.

Áætlaður kostnaður um 4 milljónir króna.

Stækkun Urriðavallar

Við höfum í langan tíma viljað fara í framkvæmdir við stækkun Urriðavallar um 9 brautir þannig að við myndum starfrækja 27 holur ásamt æfingavelli okkar, Ljúflingi. Gerum við ráð fyrir að hægt væri að fjölga meðlimum um amk. 500 manns án þess að aðgengi að golfi myndi skerðast. Eins og með önnur íþróttamannvirki í sveitarfélaginu að þá er ekki óeðlilegt að Garðabær styddi við gerð þessarar stækkunar. Áætlað er að hver braut myndi kosta nú um 25-35 milljónir, allt eftir stærð.

Áætlaður heildarkostnaður um 270 milljónir

14 brautin – Vegmóður

Vegna tengingu Holtsgötu að Flóttamannavegi og aukinnar umferðar í kjölfarið er ljóst að færa þarf 14 braut sunnar í landið til að nauðsynlegur aðskilnaður vegs og golfvallar verði fyrir hendi af öryggisástæðum. Gerði Golfklúbburinn Oddur athugasemdir við deiliskipulag svæðisins á sínum tíma án þess að tekið var tillit til þeirra. Núverandi deiliskipulag kallar á aðgerðir að okkar hálfu. Annaðhvort að færa þarf teiga frammar og einnig flötina og stytta þar með brautina frá því að vera Par 5 braut í Par 4 eða að gera breytingar á legu brauta og gerð nýrra í tengslum við stækkun vallar. Hugsanlega þyrfti einnig að gera manir meðfram flóttamannavegi sem snýr að golfvelli. Þá er ljóst að við þetta mun Par 3 völlurinn okkar, Ljúflingur, verða í uppnámi. Kostnaður við þetta er á reiki og fer eftir þeim framkvæmdum sem ráðist verður í en kostnaður hleypur á einhverjum tugum milljóna.

Unglingar frá Garðabæ

Við höfum allt frá árinu 2009 fengið unglinga til starfa hjá okkur í gegnum Garðabæ í átta vikur á hverju sumri. Hafa þetta lengstum verið 7-8 unglingar sem hingað hafa komið. Fyrirkomulagið hefur verið þannig að Garðabær greiðir dagvinnuna en við höfum greitt yfirvinnu. Einnig höfum við ráðið unglingana fyrr og haft þá lengur en í þessar átta vikur. Reynsla okkar er því miður ekki jákvæð og er litið á þetta sem bæjarvinnu sem þeir bera litla virðingu fyrir. Af þessum 7-8 einstaklingum nýfast vanalega 3-4 sem eru þá góðir til vinnu og við höldum í lengra fram á sumar við umhirðu og slátt. Þætti okkur betra fyrirkomulag að Garðabær styrkti okkur um þá fjárhæð sem Garðabær verður fyrir (við áætlum um ca. 5,5-6 milljónir með launatengdum gjöldum) og við réðum þá til okkar í okkar nafni með skilyrðum um búsetu í Garðabæ.

Áætlaður kostnaður 6.000.000

Samantekt kostnaðar

	Alls	2020	2021	2022	2023	2024
<u>Árlegur kostnaður</u>						
Leiga á Íþróttasvæði		31.000.000	31.000.000	31.000.000	31.000.000	31.000.000
Unglingar frá Garðabæ		6.000.000	6.000.000	6.000.000	6.000.000	6.000.000
Núverandi styrkur		7.700.000	7.700.000	7.700.000	7.700.000	7.700.000
Samtals		44.700.000	44.700.000	44.700.000	44.700.000	44.700.000
<u>Framkvæmdakostnaður</u>						
Inniaðstaða	750.000.000	10.000.000	200.000.000	540.000.000		
Vélaskemma	4.000.000	4.000.000				
Stækkun Urriðavallar	270.000.000		45.000.000	90.000.000	90.000.000	45.000.000
Samtals	1.024.000.000	14.000.000	245.000.000	630.000.000	90.000.000	45.000.000